



Umhverfis- og samgöngunefnd Kópavogs

Kópavogi, 13. ágúst 2024
1911664/500.00 HO

Efni: Hrauntunga 119- lokun göngustígs – minnisblað.

Á fundi umhverfis- og samgöngunefndar þann 16. ágúst 2022 voru ekki gerðar athugasemdir við að lóðarhafi Hrauntungu 119 myndi girða lóð sína af og loka fyrir aðkomu göngustígs sem liggur á milli Hrauntungu 115-119 og Digranesvegar 74 og 76, en lóðarhafi hafði frá árinu 2019 óskað eftir því að stígnum yrði lokað þar sem stígurinn leiðir til þess að gangandi vegfarendur fari um einkalóð lóðarhafa. Ennfremur var vísað til umhverfissviðs að finna lausn á nýtingu stígsbút sem lokað verður.

Í kjölfar afgreiðslu þessar reisti lóðarhafi girðingu á lóðamörkum lóðar sinnar og göngustígsins sem er á bæjarlandi og lokaði stígnum alfarið. Ekki var þó sótt um byggingarleyfi eins og skylt er að gera vegna girðinga á lóðamörkum. Í kjölfar þessa hafa borist kvartanir vegna lokunar stígsins.

Erindi er varða breytingar á stígum eða götum heyra undir skipulagsráð en ekki umhverfis- og samgöngunefnd, sbr. erindisbréf umhverfis- og samgöngunefndar, og hefði því málið átt að afgreiðast þar.

Í ljósi ofangreinds er lagt til að umhverfis- og samgöngunefnd leiðrétti bókun fundarins frá 16. ágúst 2022 og vísi því til meðferðar skipulagsráðs.

Tillaga að bókun:

Leiðrétt bókun frá fundi umhverfis- og samgöngunefndar 16. ágúst 2022, erindinu er vísað til meðferðar skipulagsráðs.

Virðingarfyllst,

Harri Ormarsson
Lögmaður, stjórnslusvið